

### **Fundargerð**

Fundur stjórnar Siðfræðistofnunar, þriðjudaginn 6. september 2012, kl. 12:10 í fundarherbergi á 3. hæð í Gimli.

Mætt voru: Páll Skúlason, Sólveig Anna Bóasdóttir, Ástríður Stefánsdóttir, Haraldur Briem, Irma Sjöfn Óskarsdóttir og Salvör Nordal.

1. Rætt um tímabundnar breytingar á stjórn stofnunarinnar og tímabundin lausn forstöðumanns frá störfum. Páll Skúlason hefur verið tilnefndur af námsbraut í heimspeki í stjórn stofnunarinnar til áramóta í stað Vilhjálms Árnasonar sem hefur verið í veikindaleyfi frá því í júlí. Þá hefur forstöðumaður fengið launalaust leyfi frá störfum í ágúst og september á þessu ári vegna vinnu við doktorsverkefni sitt.
2. Lögð fram og rædd tillaga forstöðumanns til forseta Hugvísindasviðs um tímabundna ráðningu verkefnisstjóra í samþættingarverkefni faglegs náms og siðfræði. Um er að ræða hálf tilmál til þriggja ára og var staðan auglýst í júlí og fóru upplýsingar um stöðuna og ákvarðanir teknar í tölvupóstsamskiptum milli stjórnar í aðdraganda auglýsingar. Átta umsóknir bárust og voru fjórir teknir í viðtal. Var niðurstaða þessa ferlis að bjóða Henry Alexander Henryssyni starfið sem hann hefur þegið.
3. Fjallað um verkefni vetrarins m.a. hugmynd um málþing um ætlað samþykki og líffæragjafir og málþing til heiðurs Vilhjálmi Árnasyni sextugum í janúar 2013.
4. Samstarfsverkefni með Heimspekistofnun og Rannsóknarstofu um háskóla um eflingu kennslu í gagnrýninni hugsun og siðfræði. Staða verkefnisins rætt lauslega.